# ÁRSSKÝRSLA

## skógarvarðarins í Eyjafirði 1954.

Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins dags. 30.mars 1954 var ég skipaður skógarvörður á félagssvæði Skógræktarfélags Eyfirðinga frá 1.apr. 1954, með hálfum launum samkvæmt 10.fl.launalaganna.Hefi ég því jafnframt verið starfsmaður Skógræktarfélags Eyfirðinga og séð um trjáplöntu-uppeldi þess.

Ég hefi annast um vörslu og eftirlit skógarreita Skógræktar ríkisins í héraðinu og gróðursetningu í þá.Einnig hefi ég annast um vörslu,eftirlit og gróðursetningu fyrir Skógræktarféla Eyfirðinga.Enn fremur hefi ég séð um gróðursetningu hjá ýmsum deildum félagsins.

### Skógarreiturinn að Grund í Eyjafirði.

Reiturinn var stækkaður haustið 1953 og var gróðursett í þann hluta hans í vor 850 birkipl. 3/o og 2500 skógarfurupl.3/o, samtals 3350 pl. Haldið var áfram að grisja í reitnum og var selt úr honum fyrir jólin brenni og furugreinar fyrir kr. 3,612,oo (brutto).

### Skógarreiturinn að Vöglum á Þelamörk.

Gróðursettar voru í reitinn 3000 skógarfurupl. 3/o.

Að öðru leiti vísast til meðfylgjandi skýrslu um gróðursetningu 1954. Ársskýrslur frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga og deildum þess verða sendar seinna í vetur og er hugsanlegt að einhver breyting verði á niðurstöðutölum,ef einhverjar deildir hafa fengið plöntur til gróðursetningar annarsstaðar frá en frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga.

Nokkrar ferðir hef ég farið til eftirlits með skógarreitum í héraðinu og athugana á vexti og viðgangi plantna í skógarreitum.

Ég hefi einnig annast um grisjun í Gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri og gert nokkrar mælingar á trjám þar,sem gróðursett voru 1904 - til 1910. Trén,sem mæld voru,eru meðal þeirra hæstu.Það var tekið hæðarmál þeirra og ummál í/20 cm hæð. Sýndu mælingarnar eftirfarandi:

| Niðri í stöðinni. | Hæð í m. | Ummál í cm. |
|---|---|---|
| Hengibjörk | 10,oo | 45 |
| " | 9,55 | 76 |
| Lerki | 10,15 | 89 |
| " | 10,4o | 64 |
| Elri | 7,4o | |
| Rauðgreni | 7,85 | 45 |
| " | 8,65 | 42 |
| Skógarfura | 8,4o | 47 |
| Heggur | 8,45 | |
| Hlynur | 5,88 | 27 |
| " | 5,oo | 43 |

| Uppí brekkunni. | Hæð í m. | Ummál í cm. |
|---|---|---|
| Birki | 8,2o | 43 |
| Reynir | 9,4o | 48 |
| Lerki | 7,8o | |
| " | 9,2o | |
| " | 9,5o | |
| Rauðgreni | 8,5o | 39 |
| " | 9,8o | 45 |
| " | 8,25 | 34 |
| Skógarfura ? | 5,1o | 39 |
| " | 6,2o | 34 |

Ársvöxtur virtist yfirleitt með besta móti á greni og furu,en tæplega eins góður á lerki eins og árið 1953.

Akureyri 3.jan. 1955

[signature]